

Auður D. Kristinsdóttir

From: Helga Jóna Jónasdóttir - VG <helga.jjonasdottir@vegagerdin.is>
Sent: fimmtudagur, 8. júlí 2021 16:24
To: Auður D. Kristinsdóttir
Cc: Ásthildur Helgadóttir - sviðsstjóri umhverfissviðs; Ólafur Thorlacius Árnason - VG; Gísli Gíslason - VG
Subject: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku
Attachments: Greinargerð lýsing framkvæmda Hringvegur_Fossvelli-Hólmsá.pdf; B-001 Yfirlitsmynd.pdf; Þjóðlenda - samþykki FOR.pdf; Áhættumat vegna vatnsverndar Áfangi 1.pdf

Sæl Auður.

Takk fyrir gagnlegan fund í gær.

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar Suðurlandsvegur frá Fossvöllum og vestur fyrir Lögbergsbrekku. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag og mat á umhverfisáhrifum. Í viðhengi er framkvæmdalýsing ásamt yfirlitsmynd af framkvæmdinni.

Hér er um að ræða fyrri áfanga af tveimur við tvöföldun Suðurlandsvegur (2+2) frá Fossvöllum að Hólmsá. Seinni áfanginn, Lögbergsbrekka – Hólmsá, er í undirbúningi hjá Vegagerðinni.

Hér má nálgast matsskýrslu vegna framkvæmdanna en þær eru hluti af tvöföldun Suðurlandsvegur á milli Reykjavíkur og Hveragerðis, sem lýst var í frumdrögum árið 2009.

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sudurlandsvegur-HolmsaHveragerdi-Matssk/\\$file/Su%C3%B0urlandsvegur-H%C3%B3lms%C3%A1Hverager%C3%B0i-Matssk.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Sudurlandsvegur-HolmsaHveragerdi-Matssk/$file/Su%C3%B0urlandsvegur-H%C3%B3lms%C3%A1Hverager%C3%B0i-Matssk.pdf)

Vegagerðin gerir ráð fyrir, hefðum samkvæmt, að sveitarfélagið afsali sér landi undir þennan tiltekna veg.

Vegstæðið fer um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Vegagerðin vinnur nú að öflun starfsleyfis vegna þessa hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Til grundvallar starfsleyfisumsókninni liggur meðfylgjandi áhættumat vegna vatnsverndar.

Hluti vegarins er innan þjóðlendu. Í viðhengi er samþykki forsætisráðuneytisins fyrir framkvæmdinni. Samþykkið er háð því skilyrði að framkvæmdaleyfi frá Kópavogsbæ liggja fyrir við upphaf framkvæmda.

Að öðru leyti vísun við í fyrri samskipti og gögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vinsamlegast láttu okkur vita sem fyrst ef einhverju er ábótavant.

Bestu kveðjur,



Helga Jóna Jónasdóttir

Verkefnastjóri
Framkvæmdadeild

hjj@vegagerdin.is

Project Manager
Construction

+354 522 1087
+354 842 4701

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Borgartún 5-7, 105 Reykjavík
vegagerdin.is